

# Fundargerð Svæðisráðs Vatnajökulsþjóðgarðs – Suðursvæði 2. fundur

## 2. fundur

Fundur var haldinn í svæðisráði suðursvæðis **miðvikudaginn, 7. nóvember 2007** í Ráðhúsi Hornafjarðar **kl. 11:00**.

**Mætt voru:** Hjalti Þór Vignisson, Björn Ingi Jónsson, Guðrún Ingimundardóttir. Hrafnhildur Hannesdóttir og Sigurlaug Gissurardóttir. Skúli Skúlason boðaði forföll.

### 1. Fundur yfirstjórnar á Skriðuklaustri.

Björn Ingi gerði fór yfir fundi yfirstjórnar. Hann greindi frá stöðu í samningaviðræðum við landeigendur umhverfis jökulinn. Kom fram í máli hans að samningaviðræður væru á viðkvæmu stigi. Þá gerði hann grein fyrir viðræðum í stjórn um starfstöð framkvæmdastjóra.

Ennfremur sagði Björn Ingi frá umræðum um staðsetningu gestastofa þjóðgarðsins og upplýsti að niðurstaða yrði að liggja fyrir í desember þegar fyrirhugað er að fara í arkitektarsamkeppni. Einnig var rætt um hvaða starfsemi ætti að reka í þessum húsum. Yfirstjórn ákvað að fela svæðisráðum að móta tillögu um hvaða starfsemi eigi að vera rekin í gestastofu á hverju svæði.

Kom fram að erindi hafi borist yfirstjórn frá Ferðafélögum umhverfis jökulinn þar sem boðið er upp á samningaviðræður um samnýtingu á skálum félaganna. Í kjölfarið ræddi svæðisráðið um tengsl þjóðgarðs og Jökларанnsóknarfélagssins sem eiga nokkra skála á svæðinu. Hrafnhildur sagðist taka málið upp við Jökларанnsóknarfélagið sem hún ætti aðild að.

Á fundi yfirstjórnar var rætt um starfsmannamál. Um næstu áramót flytjast starfsmenn Skaftafellsþjóðgarðs og Þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum til Vatnajökulsþjóðgarðs auk þess sem stefnt er að því að ráða fjóra nýja þjóðgarðsverði á árið 2008.

Þá fór Björn Ingi yfir rekstraráætlun næsta árs og framkvæmaáætlun.

Í kjölfarið var rætt um framkvæmdir og rekstur í Skaftafelli. Kom fram að umræða hafi skapast á fundi yfirstjórnar um að mikilvægt sé að fylgja eftir þeim endurbótum sem hófust á þessu ári.

### 2. Staðsetning gestastofu

Farið var í vettvangsferð til að kanna hugsanlega staðsetningu gestastofu. Svæðisráðið leggur til að gestastofa verði staðsett á svæðinu við Stekkakeldu. Teknar voru myndir af þeim stað

sem svæðisráðið mælir með. Formanni falið að setja tillöguna fram í myndum og máli og leggja fyrir bæjarstjórn Hornafjarðar og yfirstjórn Vatnajökulsþjóðgarðs.

Svæðisráðið fjallaði um viðauka C í skýrslu ráðgjafarnefndar umhverfisráðherra um Vatnajökulsþjóðgarð. Þar er áætluð rýmisþörf gestastofu og skiptingu í athafnasvæði. Svæðisráðið er í grunnin sammála þeirri greiningu sem kemur fram í viðauka C en telur að ekki þurfa að leggja mikið til veitingasölu þar sem slíkt er í boði í nágrenninu. Í staðinn leggur svæðisráðið til að kannaðir verði kostir þess að setja upp aðstöðu fyrir fræðimenn í gestastofunni þar sem þeir geta starfað til skemmri tíma. Ennfremur telur svæðisráðið mikilvægt að tryggð verði nægjanleg salernisaðstaða til að taka á móti stórum hópum. Komu fram sjónarmið að þörf fyrir salernisaðstöðu væri vanáætluð í skýrslunni.

Svæðisráð telur mikilvægt að yfirstjórn þjóðgarðsins fjalli um hvernig best sé að haga tengslum þjóðgarðs og Jöklasýningar. Svæðisráðið er sammála um að Jöklasýning og gestastofa verði að styrkja hvort annað.

### 3. Skálar og gönguleiðir

Sigurlaug gerði grein fyrir stöðunni í verkefni sem miðar að því að merkja gönguleiðir og gera kort af gönguleiðum í Austur-Skaftafellsýslu. Nú þegar eru til kort af Nesjum, Mýrum og Suðursveit. Unnið er að því að gera gönguleiðarkort af Lóni og Örafum en það kom fram að Mál og Menning hafi gefið út gönguleiðarkort af Lónsöræfum og Þjóðgarðinum í Skaftafelli. Ennfremur var bent á að góðar upplýsingar um gönguleiðir á svæðinu sé að finna á síðunni [www.ganga.is](http://www.ganga.is).

Svæðisráðið er sammála um að gönguleiðarkortin verði grunnur að merkingu gönguleiða í og við þjóðgarðinn. Rætt um að fjölga eigi gönguleiðum smám saman. Þá var lagt til að merkja gönguleiðir sem tengja einstök svæði saman, t.d. Lónsöræfi, Hoffellsfjöll, Heinabergssvæðið og Staðardal. Svæðisráðið lýtur á þetta svæði sem eitt og sameiginlegt útivistarsvæði og bjóði upp á frábær tækifæri fyrir náttúrunendur og göngufólk. Þá kom fram hugmynd um að merkja hentuga stíga fyrir fjallahjól.

Rætt um gönguskála í Lónsöræfum sem eru í eigu Ferðafélag Austur-Skaftafellsýslu og skála Jökklarannsóknarfélagssins á Goðahrygg, Esjufjöllum og Breiðamerkursandi. Svæðisráðið telur áhugavert að skoða samvinnu milli þessara aðila og Vatnajökulsþjóðgarðs. Svæðisráðið ræddi um þá stefnu sem mörkuð var í þessum málum í skýrslu ráðgjafarnefndar um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs. Svæðisráðið telur, ef það markmið næst að þróa Lónsöræfi, Hoffellsfjöll, Heinabergssvæðið og Staðardal sem eitt göngusvæði, þurfi að marka stefnu um uppbyggingu gönguskála á þessari leið. Svæðisráðið beinir því til yfirstjórnar að hafa þetta til hliðsjónar í komandi viðræðum við ferðafélög.

### 4. Önnur mál.

· Svæðisráðið leggur áherslu á að starfsmaður yfirstjórnar verði staðsettur á Höfn.

· Rætt um aðgengi að Heinabergssvæðinu í ljósi breytinga á eignarhaldi á Flatey. Ýmsar hugmyndir komu fram um hentugt stæði fyrir veg inn á svæðið.

**Fundi slitið 14.40.**